Föstudaginn 4. desember 1987.

Nr. 330/1987. **Fjárfestingarfélag Íslands hf. og Frjálsi lífeyrissjóðurinn hf.**

gegn

**Sveini Kjartanssyni**

Kærumál. Greiðslustöðvun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar kærðu 18. nóvember s.l. til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur 10. nóvember s.l. sem þeim varð kunnugt um 16. s.m. Úrskurðurinn er svohljóðandi:

„Sveini Kjartanssyni, nafnnúmer 8752-1516, Hverafold 118, Reykjavík er veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að 3 mánuði frá deginum í dag að telja."

Kæran er heimil samkvæmt 1. mgr. 10. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Sóknaraðilar krefjast þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að synjað verði um greiðslustöðvun, en til vara að tími greiðslustöðvunar verði styttur verulega. Þá krefjast sóknaraðilar kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðilar telja sig hafa ótvíræða hagsmuni af því að fá hinum kærða úrskurði hnekkt. Þeir eigi hvor um sig kröfur á hendur nafngreindum aðila sem tryggðar séu með 3. veðrétti í fasteigninni nr. 118 við Hverafold, eign varnaraðila. Beðið hafi verið um uppboð á fasteigninni til lúkningar kröfunum og hafi uppboðsmálið verið til meðferðar frá 13. mars 1986. Hafi alls 6 uppboðsþing verið háð en uppboði frestað að beiðni sóknaraðila. Hafi svo hinn kærði úrskurður komið í veg fyrir að þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni færi fram, en það hafi verið ákveðið 12. nóvember s.l.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að fjárhagsörðugleikar hans stafi af því að hann hafi lánað veð í fasteignum sínum til trygg-

ingar skuldbindingum fyrirtækja sem hann vann hjá eða var hluthafi í. Hafi það leitt til þess að minna hafi fengist fyrir eignir sem hann hafi selt og eins hafi verið gengið að núverandi eignum. Hann eigi endurkröfur samkvæmt framlögðum eignalista að fjárhæð 1.975.338,00 krónur og aðrar kröfur að fjárhæð 1.000.000,00 krónur. Þá kveðst varnaraðili hafa átt í samningaviðræðum við einstaka kröfuhafa og greitt inn á kröfur 883.903,00 krónur og lagt inn víxla samþykkta af þriðja aðila til tryggingar kröfum að fjárhæð 640.000,00 krónur. Varnaraðili hefur lagt fram bréf um greiðslur, sem hann kveðst eiga von á í desember og janúar og um að hann eigi kost á veðleyfi í tiltekinni fasteign. Sé nú svo komið að hann telji nauðsynlegt að óska heimildar til greiðslustöðvunar til að reyna að ná samningum um skuldaskil við lánardrottna og koma nýrri skipan á fjármál sín með aðstoð lögmanns. Er fram komið að varnaraðili hefur ráðið lögmann sér til aðstoðar í þessu skyni.

Gögn málsins bera með sér að varnaraðili eigi í verulegum fjárhagserfiðleikum. Samkvæmt framlögðu yfirliti yfir eignir og skuldir nema eignir 14.915.338,00 krónum og skuldir 9.205.970,00 krónum. Lögmaður sá sem tekið hefur að sér að aðstoða varnaraðila lýsti því yfir í skiptarétti 10. nóvember að varnaraðili eigi von á greiðslum í desembermánuði að fjárhæð samtals 2.000.000,00 krónur auk nokkurra svokallaðra endurkrafna.

Af framansögðu má ráða að varnaraðili hefur vilja til að koma reiðu á fjármál sín og á von á verulegum greiðslum á næstunni.

Þykir rétt að verða við beiðni hans um greiðslustöðvun í 3 mánuði. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.